

Foreldrahandbók



Leikskólinn Laugalandi

VISKA - VINÁTTA - VIRÐING



Efnisyfirlit

Velkomin á leikskólann Laugaland í Holtum	3
Skyldur leikskólans	4
Opnunartími/sumarfrí	5
Að byrja í leikskóla – aðlögun	5
Leikskólagjöld.....	6
Breytingar á skólatíma	6
Uppsagnarfrestur	6
Veikindi.....	6
Tilkynningar um fjarvistir og breytingar.....	7
Ýmsar upplýsingar	7
Upplýsingatafla/heimasíða	7
Leikföng og matur.....	7
Fatahólf og fatnaður	8
Matmálstímar	8
Svefnvenjur barna	9
Agi.....	9
Afmæli.....	9
Lyfjagjafir, sérfæði og læknisvottorð.....	9
Skipulagt starf	10
Bína bálreiða	10
Vináttuverkefnið Blær.....	10
Hugarfrelsi.....	11
Lubbi finnur málbein.....	11
Tákn með tali.....	11
Snemmtæk íhlutun	12
Sérkennsla	12
Skráningar og skimanir	12
TRAS.....	12
Orðaskil	13
HLJÓM-2	13
MOT	13
Íslenski smábarnalistinn	14
Íslenski þroskalistinn	14
Skólaþjónusta	14



Foreldrasamstarf	15
Foreldrasamtal	15
Foreldrafélag	15
Foreldraráð	16
Lokaorð	16

Velkomin á leikskólann Laugaland í Holtum

Leikskólinn Laugaland tók til starfa í maí 1996 og var þá staðsettur í Mýrarkoti, húsnæði sem nú hefur verið rífið. Sumarið 2007 flutti leikskólinn í sama húsnæði og hýsir Laugalandsskóla, í rými sem áður hét Súlnasalur. Fyrstu 20 árin var leikskólinn einnar deildar en 1. september 2017 var starfsemi leikskólans skipt upp í eldri og yngri deild. Yngri deildin fékk nafnið Holt og er hún áfram til húsa í gamla Súlnasalnum. Eldri deildin fékk nafnið Land og er hún staðsett á efri hæð hússins, í Miðgarði og þeim hluta hússins sem áður hýsti sveitarstjórnarskrifstofur Holta- og Landsveitar.

Í Holtum, yngri deild, eru þrjú yngstu árgangar leikskólans, börn á aldrinum 1-3 ára. Uppi á Landi, eldri deild, eru tveir til þrjú elstu árgangar leikskólans, börn á aldrinum (3) 4-5 ára. Á hvorri deild er gert ráð fyrir að hægt sé að taka á móti 25 nemendum, en á vorönn 2023 eru 4 börn í leikskólanum, 18 á yngri deild og 25 á eldri deild.

Byggðasamlagið Oddi bs. er rekstraraðili Leikskólans Laugalandi en að baki byggðasamlaginu standa sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur. Í gegnum byggðasamlagið reka þessi sveitarfélög fjórar skólastofnanir, Leikskólann Laugalandi, Laugalandsskóla, Leikskólann Heklukot og Grunnskólann á Hellu.

Mikilvægt er fyrir alla foreldra að kynna sér **foreldrahandbók** skólans og upplýsingar á heimasíðu skólans.

Leikskólastjóri Sigrún Björk Benediksdóttir

Sími: 487 6633

Netfang: leikskolinn@laugaland.is

Veffang: [http: https://leikskolinnlaugaland.rv.is](http://leikskolinnlaugaland.rv.is)



Skyldur leikskólans

Skyldur leikskólans eru að vinna eftir lögum um leikskóla og aðalnámskrá. Skýrar reglur eru einnig varðandi tilkynningaskyldu við barnaverndaryfirvöld.

Skv. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eiga börn rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag þeirra. Ef einhver vafaatriði koma upp varðandi uppeldi þeirra eða umönnun er starfsfólki leikskóla skylt að tilkynna. Það fer eftir eðli máls hvert sinn hvort tilkynnt er beint til barnaverndarnefndar eða hvort rætt er fyrst við foreldra. Þetta kemur skýrt fram í IV kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 í 17. gr. þar sem fjallað er um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengurframar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.



Opnunartími/sumarfrí

Leikskólinn er opinn frá kl. 8:00 – 16:00 alla virka daga. Boðið er upp á að börnin dvelji í að lágmarki 4 og að hámarki 8 stundir á dag og miðast vistunartími við heila tíma. Hægt er þó að mæta með börnin 15 mínútum fyrr og sækja þau 15 mínútum seinna en umsaminn tími segir til um og er greitt aukagjald fyrir þann tíma. Leikskólinn er lokaður í 5 vikur á sumrin og þá fellur greiðsla skólagjalda niður. Boðið er upp á eina gjaldfrjálsa aukaviku í samfellu við sumarlokun. Allt frí sem tekið er umfram þessar vikur greiðist að fullu eins og um eðlilegan skólatíma sé að ræða. Lokað er á aðfangadag og gamlársgangur.

Að byrja í leikskóla – aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Góð aðlögun er því mjög þýðingarmikil fyrir áframhaldandi dvöl barnsins í leikskólanum. Á meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að barnið fái að skoða sig um og kynnast hinu nýja umhverfi og að foreldrar kynnist starfinu sem fram fer og starfsfólki leikskólans.

Markmið aðlögunar eru:

- Að barnið sýni starfsfólki það traust að leita til þess eftir stuðningi og aðstoð
- Að barnið og foreldrar öðlist jákvæða mynd af leikskólanum
- Að traust skapist milli foreldra og starfsfólks

Meginreglur eru:

- Að foreldrar komi í viðtal við leikskólastjóra á meðan aðlögunartíma stendur.
- Að barnið fái góðan tíma til aðlögunar þ.e. að minnsta kosti eina viku.
- Að leikskólakennari skipuleggi aðlögunartímamann í samráði við foreldra.



Leikskólagjöld

Við upphaf leikskólagöngu eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í viðtal til leikskólastjóra. Þar undirrita báðir aðilar samning um leikskóladvöl barnsins og skil á leikskólagjöldum. Leikskólagjaldið er greitt fyrirfram einn mánuð í senn og er eindagi 15. hvers mánaðar. Samningnum skal segja upp með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Verði vanskil á gjöldum í þrjá mánuði er samningnum rift af hálfu rekstaraðila. Starfsfólki er þá ekki lengur heimilt að taka við barninu til dvalar í leikskólanum. Ef barn er sótt of seint greiða foreldrar aukagjald. Gildir það líka ef komið er með barnið fyrir umsamin vistunartíma. Hægt er að sækja skriflega um að kaupa staka aukatíma og metur leikskólastjóri þá hverju sinni hvort hægt sé að verða við því. Ef leikskóli þarf að biðja foreldra um að hafa barn/börn heima vegna manneklu er sá tímidreginn frá leikskólagjöldum að vori.

Breytingar á skólatíma

Óski foreldrar eftir breytingum á skólatíma barnsins skal þeim óskum komið til leikskólastjóraá þar til gerðu eyðublaði með **mánaðar fyrirvara**. Breytingar miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Reynt er að koma til móts við óskir foreldra um breytingar ef fjöldi stöðugilda leyfa.

Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur á skóladvöl er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Tilkynna skal leikskólastjóra uppsögnina skriflega á eyðublaði sem fæst í leikskólanum. Greitt er fyrir skóladvöl út uppsagnarfrestinn nema samið sé um annað.

Veikindi

Leikskólar eru ætlaðir frískum börnum. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. sólarhring. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi á það að geta tekið þátt í leikskólastarfinu, bæði úti og inni. Ekkert bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Í undantekningartilfellum, þegar um er að ræða langvarandi veikindi eða þráláta öndunarfærasjúkdóma eru gerðar undantekningar. Hvert veikindatilfelli fyrir sig er skoðað sérstaklega og þurfa foreldrar að framvísa læknisvottorði ef veikindin eru þrálát og þörf fyrir inniveru mikil. Athugið að hægt er að vera veik(ur) þó svo að hiti sé ekki



merkjanlegur. Foreldrar verða því að meta það hverju sinni hvort barnið er tilbúið til að takast á við skóladaginn. Mikilvægt er að tilkynna ef um smitandi sjúkdóma er að ræða og einnig ef upp kemur njálgur eða lús.

Tilkynningar um fjarvistir og breytingar

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer og breytta hjúskaparstöðu. Ef barn er ósátt að koma í leikskólann einhverra hluta vegna er afar mikilvægt að ræða við deildarstjóra svo hægt sé að finna leiðir til að auka vellíðan barnsins. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita, af öryggisástæðum er starfsfólki óheimilt að afhenda öðrum en foreldrum barnið ef ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Þá er óheimilt að láta börn yngri en 12 ára sækja barn/börn í leikskólann.

Starf samkvæmt stundatöflu hefst að loknum morgunverði, kl. 8:30. Vilji foreldrar að barn sé þátttakandi í skipulögðu hópastarfi er mikilvægt að barnið komi fyrir þann tíma. Þá getur það reynst mörgum börum erfitt að koma inn í aðstæður þar sem skipulagt starf er hafið. Þá er rétt að taka fram að þegar skipulagt starf er hafið er ekki víst að starfsfólk sé til staðar í fataklefa til að taka á móti barninu.

Ýmsar upplýsingar

Upplýsingatafla/heimasíða

Upplýsingatafla er í fataklefa á báðum deildum og þar má finna ýmis skilaboð og auglýsingar varðandi starfið. Á heimasíðu leikskólans má finna allar upplýsingar varðandi leikskólann og skólastarfið ásamt því að þar birtast fréttir og fróðleikur sem snýr að leikskólanum og námsefni. Á lokaðri facebooksíðu leikskólans koma einnig ýmsar upplýsingar og tilkynningar varðandi skólastarfið.

Leikföng og matur

Ekki er leyfilegt að koma með leikföng í leikskólann, þó svo að það sé geymt í hólfi barnsins. Ef komið er með leikföng getur það haft mjög truflandi áhrif á barnið og einnig önnur börn og getur því valdið óþarfa árekstrum..

Ekki er leyfilegt að koma með mat að heiman inná leikskólann, þar sem að það getur verið ofnæmisvaldandi öðrum börnum.



Fatahólf og fatnaður

Leikskólinn er vinnustaður barnanna og á fjörugum vinnustað má alltaf gera ráð fyrir óhöppum af ýmsum toga. Við vinnum með lím, málningu og ýmis efni sem sest geta í föt barnanna. Klæðnaður barnanna þarf því að vera þannig að á honum megi sjá. Gott er að fötin séu víð og þægileg þannig að börnin geti hreyft sig auðveldlega og einnig til að þau eigi auðvelt með að klæða sig sjálf í og úr þar sem sjálfshjálp er liður í markmiðum leikskóla. Sérstaklega þarf að huga að þessu þá daga sem börnin fara í íþróttir.

Mikilvægt er að börnin séu klædd eftir veðri og hafi þann klæðnað meðferðis sem gera má ráð fyrir að þau þurfi á að halda hvern dag. Það sem þarf að vera í fatahólfi eða körfu barnsins er: föt til skiptanna, s.s. nærbuxur, bolur, sokkar/sokkabuxur, síðbuxur og peysa. Pollagalli og stígvél eru nauðsynleg og síðan snjógalli, hlý peysa, vettlingar til skiptanna, húfa og ullarsokkar þegar það á við. Foreldrar eru beðnir um að taka töskur úr hólfum barna sinna og hafa sem minnst hangandi þar og geyma aukaföt í körfu ofan við hólfið. Með þessari aðstoð eiga börnin auðveldara með að hjálpa sér sjálf en það er liður í uppeldi barnanna í leikskólanum að ganga snyrtilega um og hirða vel um fötin sín. Foreldrar auðvelda starfsfólki og börnum það verk, með því að hugsa vel um hólfi barna sinna.

Foreldrar þurfa reglulega að fara yfir körfu barnsins og fara yfir hvað vantar og bæta í eftir þörfum. Nauðsynlegt er að merkja föt barnanna, þá er minni hætt á að þau týnist.

Athugið að það þarf að koma með bleyjur að heiman í leikskólann fyrir þau börn sem nota þær. Til þess að foreldrar þeirra barna viti hvenær bleyjurnar eru að verða búnar, er settur er miði í hólfi barnsins, til áminningar svo foreldrar geti komið með nýjar.

Hólfín á síðan að tæma alveg á föstudögum til þess að hægt sé að þrifa þau og sóthreinsa.

Matmálstímar

Boðið er uppá þrjár máltíðir á dag af hollum og góðum mat, morgunmat, hádegisverð og nónhressingu. Að auki er ávaxtastund fyrir hádegi þar sem fjölbreyttir ávextir eru í boði og stundum grænmeti. Mötuneytið sér til þess að boðið er upp á hollt og gott fæði. Hægt er að finna matseðil vikunnar á heimasíðu leikskólans undir flípanum daglegt starf. Athugið að morgunmat er frá kl 8:00 – 8:30. Ef barn kemur eftir þann tíma er ætlast til að það hafi borðað heima.



Svefnvenjur barna

Eftir hádegisverðinn er hvíld bæði hjá yngri og eldri börnum. Svefnþörf barna er mjög einstaklingsbundin en allir þurfa á hvíld að halda. Börnin þurfa oftast meiri hvíld í leikskólanum heldur en heima hjá sér til þess að takast á við eril dagsins. Ef barnið fær ekki aðhvílast nóg getur síðari hluti dagsins orðið barninu erfiður. Foreldrar geta óskað eftir því að barn sé vakið eftir visst langan svefn og metur deildarstjóri þá í samráði við foreldra hversu langan svefn barnið þarf til að hafa orku til að ljúka skóladeginum.

Agi

Ef upp koma agavandamál í leikskólanum er tekið á því og samræmdum aðferðum starfsmanna beitt. Við á Leikskólanum Laugalandi viljum beita agastefnu sem heitir Jákvæður agi. Við bregðumst við mismunandi hegðun á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Börnin þurfa að finna að það sé borin umhyggja fyrir þeim eins og þau eru. Öll börn eiga að upplifa virðingu og reisn og upplifagóðvild og festu án þess að þeim sé refsað. Að gera mistök er tækifæri til náms og æfa þau í að leyta lausna. Börnin eiga að fá tækifæri á að leiðrétta hegðun og aðstoða starfsmenn við það.

Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns og er haldið hátíðlega upp á daginn í leikskólanum. Á báðum deildum fær afmælisbarn að fönndra kórónu sem það tekur með sér heim. Á yngri deild er kveikt á kertum og sungið fyrir barnið í samverustund, barnið fær að úthluta ávöxtum til hinna barnana á deildinni. Það sama á sér stað á eldri deild nema í stað ávaxta er boðið upp á popp í tilefni dagsins. Ekki er leyfilegt að dreifa afmælisboðsbréfum í hólf barnanna þar sem það getur valdið óróleika og spenningi í barnahópnum.

Lyfjagjafir, sérfæði og læknisvottorð

Börnum eru ekki gefin lyf í leikskólanum, almenn pensilínlyf sjá foreldrar um að gefa börnum sínum. Samkvæmt upplýsingum frá læknum þarf ekki að gefa þessi lyf í skólanum þar sem viðvera barna er ekki lengri en 8 klst. Undantekningar eru þau lyf sem barn þarf s.s. bráðaofnæmislyf, astmalyf og lyf við sykursýki. Í slíkum tilfellum þurfa foreldrar að koma með skrifleg ummæli frá lækni og ítarlegar leiðbeiningar frá foreldrum barnsins og/eða lækni þess. Það sama á við í tilfellum barna með sérfæði. Leikskólinn sér um að mötuneyti skólans tryggja barni sérfæði og þarf þá í öllum tilfellum að skila inn læknisvottorði frá lækni barnsins. Læknisvottorð þarf að endurnýja á ársfresti.



Skipulagt starf

Að loknum morgunverði hefst skipulagt starf, stundaskrár hvorrar deildar má finna á heimasíðu leikskólans. Starf leikskólans byggir á Aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu sveitarfélagsins og námsskrá leikskólans. Hvern dag er unnið með fjölbreytt námsefni og má þar helst nefna eftirfarandi:

Bína bálreiða

Bækurnar um Bínu bálreiðu eru skrifaðar af Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi. Bækurnar fjalla um dúkkuna Bínu og hvernig hún lærir viðeigandi boðskiptafærni. Í fyrstu bókinni lærir Bína ýmis undirstöðuatriði sem mikilvægt er að börn nái tökum á til að verða farsælir námsmenn. Þannig lærir Bína að bíða, hlusta, sitja kyrr, passa hendur, skiptast á og einnig lærir hún að muna. Lögð er áhersla á þessar grunnfærni strax á fyrsta ári í leikskólanum. Myndir af Bínu bálreiðu má sjá víða inni á deildunum ásamt því að efnið er kynnt með markvissum hætti fyrir börnum á yngri deildinni. Efnið er síðan notað áfram á eldri deildinni og hangir upp í öllum rýmum.

Vináttuverkefnið Blær

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla (Save the children á Íslandi) gegn einelti. Efnið er danskt að uppruna og nefnist á frummálinu Fri for Mobberi. Vinátturverkefnið felst í útgáfu á aldursskiptu námeftni með raunhæfum verkefnum sem ætlað er börnum, foreldrum og starfsfólk leikskólans. Bangsinn Blær gegnir lykilhlutverki í námsefninu en hann birtist þar sem táknmynd vináttunnar. Námsfnið byggir á rannsóknum á einelti, ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi í leikskólanum. Í Leikskólanum Laugalandi er unnið með markvissum hætti með efnið frá 3 ára aldri, en bangsinn og kennsluefni svo sem veggspjöld eru einnig sjáanleg yngri börnum. Hugmyndafræði Vináttuverkefnisins endurspeglast í fjórum gildum; umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Þátttaka allra er lykilatriði í vinnu með þetta námsefni og mikilvægt að nota sem fjölbreyttust verkefni og vinnubrögð svo styrkleikar allra barnanna fái notið sín. Rannsóknir hafa leitt í ljós að í skólum þar sem unnið er markvisst með efnið sýna börn meiri samhyggð, umhyggju og hjálpsemi gagnvart hvert öðru. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins.



Hugarfrelsi

Hugarfrelsi er efni sem ætlað er foreldrum og kennurum til að hjálpa börnum og unglingum að auka einbeitingu, vellíðan og jákvæða hugsun. Efnið byggir á notkun fimm aðferða, sjálfsstyrkingu, öndun, jóga, slökun og hugleiðslu. Æfingar byggðar á þessum aðferðum má nota með öllum aldurshópum en til umfjöllunar hér verða öndunaræfingar. Í kennsluleiðbeiningum Hugarfrelsis er lagt til að gera öndunaræfingar að reglulegum þætti í daglegu starfi leikskólans, svo sem fyrir mat, fyrir hvíld og fyrir samverustund. Þá má finna mismunandi aðferðir við öndun, svo sem blöðruöndun, sápukúluöndun og geimflaugaöndun

Aðferðir Hugarfrelsis má nota hvort heldur sem er með einstakling eða í hóp, en þegar öndunaræfingar eru gerðar í hóp. Með yngri börnum má byrja á mjög einföldum æfingum og síðan er hægt að auka erfiðleikastigið jafnt og þétt. Með auknum þroska verða æfingarnar flóknari og reynir þá á börnin að fylgja eftir leiðbeiningum, fylgjast með stjórnanda og halda athygli við hópinn.

Lubbi finnur málbein

Hljóðasmiðja Lubba er námsefni ætlað að efla hljóðkerfisvitund barna. Hugmyndafræði Lubba byggir í grunninn á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur um tileinkun íslenskra barna á íslensku mállhljóðunum. Markmiðið með námsefninu er að börn læri mállhljóðin í þrívídd, með samþættingu heyrnar- og sjónskyns ásamt hreyfi- og snertiskyni. Framsetning mállhljóðanna í hljóðasmiðjunni er í þeirri röð sem rannsóknir Þóru sýna að börn nái tökum á þeim. Hverju mállhljóði fylgir síðan tákni og táknræn hreyfing, en að auki á hvert hljóð sína einkennisvísu sem samin er að Þórarni Eldjárn. Námsefnið byggir á fjölbreyttum verkefnum og má því aðlaga það a börnum frá eins árs og til yngstu bekkja grunnskólans.

Tákn með tali

Tákn eru notuð til að efla samskipti barna sem eru ekki farin að nota orð til tjáningar. Tákn með tali (TMT) er samskiptaadferð sem byggir á samblandi orða, látbragðs og tákna og er ætluð þeim sem stríða við örðugleika í tali. Notkun TMT byggir á því að barn og sá sem það á í samskiptum við sameini athygli með því að nota tákni samhliða orðum. Barnið þarf því að fylgjast með handahreyfingum og látbragði á sama tíma og það hlustar. Getan til þess að eiga í samskiptum er mjög mikilvæg og rannsóknir hafa sýnt að notkun á táknum eflir þau börn sem styðjast við notkun tákna til samskipta. Fyrir yngri börn er notkun TMT því góð leið til að æfa barn í sameinaðri athygli og eflingu orðaforða. En aðferðina má einnig nota til að hjálfa eldri börn í setningagerð og frásögnum.



Snemmtæk íhlutun

Á Leikskólanum Laugalandi er unnið í anda snemmtæktrar íhlutunar. Í því felst að fylgst er náið með þroskaframvindu hvers barna og gripið til viðeigandi ráðstafana um leið og grunur leikur á að barn glími við einhverja erfiðleika.

Sérkennsla

Við leikskólann er starfandi umsjónarmaður sérkennslu sem ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Hlutverk hans að vera faglegur umsjónarmaður sérkennslu í skólanum, að halda utan um skimanir og veita ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans þegar við á. Ef grunur vaknar hjá kennurum um aðbarn víki frá „eðlilegum“ þroska á einhverju sviði getur deildarstjóri ráðfært sig við umsjónarmann sérkennslu. Einnig á þetta við ef að kennari/ar telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leyti þroskamöguleikum þess. Mikilvægt er að markviss íhlutun frá sérkennslu hefjist strax og grunur vaknar.

Skráningar og skimanir

Til þess að meta stöðu og þroska barna eru notuð stöðluð próf og eftirtaldar skimanir:

TRAS

TRAS (n. Tidlig registrering af språkuviklinger) er skráningarlisti þróaður af norskum sérfræðingum í sérkennslu og talmeinafræði. Skráningarlistinn er ætlaður til notkunar af fagfólki fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Með markvissri notkun *TRAS* skráningarlistans geta leikskólakennarar og annað fagfólk fengið yfirsýn yfir stöðu barns og framvindu málþroska. Skráningin gefur ákveðnar vísbendingar um það hvort málþroski barnsins fylgi eðlilegu mynstri máltöku. Að sama skapi gefur listinn vísbendingar um það ef málþroski barns víkur að einhverju leyti frá því sem eðlilegt getur talist fyrir viðkomandi aldur. *TRAS* hentar vel til notkunar við snemmtæka íhlutun þar sem notkun listans byggir á markvissum og reglubundnum athugunum sem fylgt er eftir með markvissri íhlutun fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.



Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sem inniheldur m.a. orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 18 til 36 mánaða. Með útfyllingu listans má meta stærð orðaforða barna ásamt því hvort þau hafa náð valdi á beygingum og setningagerð tungumálsins. Gátlistanum fylgja aldurstengd viðmið og því hægt að bera niðurstöður hvers barns saman við meðaltalssvörun jafnaldra. Notkun prófsins gefur því sterkar vísbendingar um hvort orðaforði, beygingar og setningagerð mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er íslenskt próf í leikjaformi sem notað er með öllum börnum í elsta árgangi leikskólans. Markmið með notkun *HLJÓM-2* er að meta hljóðkerfis- og málvitund barnanna í því skyni að bera kennsl á þau börn sem eru í áhættu varðandi lestrarerfiðleika. En slök hljóðkerfis- og málvitund er talin ein helsta orsök lestrarvanda hjá börnum. Niðurstöður úr *HLJÓM-2* eru notaðar til að styrkja sérstaklega þau börn sem sýna slaka færni í prófuninni og er þá unnið markvisst með þá hljóðkerfisþætti sem hvert barn þarf að styrkja. *HLJÓM-2* prófið er lagt fyrir allan árganginn við upphaf síðasta leikskólaárs og síðan aftur í janúar hjá þeim nemendum sem sýndu slaka færni við fyrri prófun. Við seinni prófun er þá metið hvort markviss vinna með ákveðna þætti hafi skilað sér eða hvort vinna þurfi enn frekar að því styrkja færni nemandans.

MOT

Hreyfiþroskaprófið *Mot 4-6* er notað til að meta hreyfiþroska barna á aldrinum fjögurra til sex ára. Prófið samanstendur af 18 verkefnum sem mæla liðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða sem og nákvæmni hreyfinga. *Mot* prófið er lagt fyrir tvo elstu árganga leikskólans í janúar ár hvert. Nemandi fær ákveðin fjölda stiga eftir því hversu vel honum tókst að leysa verkefnin. Heildarstigafjöldi gefur síðan ákveðna hreyfitölu miðað við aldur barnsins. Fyrirmæli í *Mot* hreyfiþroskaprófinu eru munnleg og reyna því á málskilning þess barns sem prófið tekur. Þrátt fyrir að *Mot* sé einungis ætlað að meta hreyfiþroska barns gefur það prófandanum ákveðnar vísbendingar um stöðu barnsins hvað málþroska varðar ef gengi barnsins í prófinu er á annan veg en almennur hreyfiþroski barnsins gefur tilefni til.



Íslenski smábarnalistinn

Íslenski smábarnalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg barna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Listinn samanstendur af 144 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín. *Smábarnalistinn* er eina staðlaða mælitækið hérlendis til nota við þroskamát með börnum á þessum aldri og er því notað þegar gera þarf þroskamát en einnig til að fylgjast með framvindu í þroska barns. Þá er *Smábarnalistinn* einnig notaður þegar úrvinnsla úr öðrum skráningum innan leikskólans gefur tilefni til að leita með formlegum hætti eftir þroskafrávikum hjá barni. Þær niðurstöður sem fást með notkun smábarnalistans geta því gagnast leikskólakennurum og foreldrum við að ákveða hvort vísa þurfi barni til frekari greiningar á þroskafrávikum.

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg barna á aldrinum þriggja til sex ára. Listinn samanstendur af 208 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín. Líkt og með *Smábarnalistann* er þroskalistannum ætlað að leita með formlegum hætti eftir þroskafrávikum hjá barni. Við Leikskólann Laugalandi er Íslenski þroskalistinn einnig notaður sem skimunartæki og þess farið á leit að honum sé svarað fyrir öll börn í næstelsta árgangi leikskólans. Er það gert til að fá heildstæða mynd af stöðu barnanna fyrir síðasta ár þeirra í leikskólanum. Gefi niðurstöður vísbendingar um einhvern vanda sem skoða þurfi frekar er það því gert á lokaári barnsins í leikskólanum.

Skólaþjónusta

Á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfar hópur sérfræðinga sem koma að málum þegar hefðbundin úrræði leikskólans skila ekki viðunandi árangri. Málum einstakra barna er vísað áfram til skólaþjónustu í samræmi við verklagsferli skólans. Áður en máli er vísað áfram er gert ráð fyrir að unnið hafi verið að málinu innan leikskólans með formlegum hætti. Þeir sérfræðingar sem helst koma að málefnum leikskólabarna eru leikskólaráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur. Þá er einnig hægt að óska sérstaklega eftir aðkomu ráðgjafarþroskaþjálfara, sé þörf á ráðgjöf eða íhlutun vegna gruns um þroskafrávik.



Foreldrasamstarf

Virðing og gagnkvæmur skilningur á velferð barnsins er ávallt hafður að leiðarljósi í samstarfi foreldra og starfsmanna leikskólans. Samstarf á milli foreldra og starfsmanna byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barns síns. Foreldrar þekkja sitt barn best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi. Leitast er við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a.í gegnum foreldraráð og foreldrafélag leikskólans.

Foreldrasamtal

Þegar barn hefur leikskólagöngu á leikskólanum eru foreldrar boðaðir í innritunarviðtal hjá leikskólastjóra. Þar er starfsemi skólans, stefna og áherslur kynntar, foreldrahandbók og skóladagatal kynnt ásamt ýmsum reglum sem tilgreindar eru í leikskólasamningi. Á þessum fundi er lagður fyrsti grunnur að farsælu samstarfi við foreldra. Foreldrar eru boðaðir á kynningu á leikskólastarfinu í september ár hvert og foreldrafélagið heldur aðalfund einnig á þeim tíma.

Á fyrstu mánuðum ársins er tekið foreldrasamtal en þá hittast foreldrar/forráðamenn og deildarstjóri barnsins í formlegu samtali til að ræða um félagsleg tengsl, líðan og þroska barnsins. Starfsmenn leikskólans og foreldrar/forráðamenn geta samt sem áður óskað eftir slíku samtali þegar þörf þykir.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfrækt foreldrafélagið „Hans og Gréta“ og er aðalfundur félagsins haldinn að hausti. Fjórir foreldrar sitja í stjórn og skipa þeir sjálfkrafa einnig stjórn foreldraráðsskólans. Leikskólastjóri er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið og situr fundi þess þegar þess er óskað. Í foreldrafélaginu eru allir foreldrar sjálfkrafa félagar og greiða þangað gjald sem er innheimt með gíróseðli. Markmið foreldrafélagsins er að standa vörð um hagsmuni barnanna og standa fyrir fræðslu, skemmtun og tilbreytingu fyrir börnin og foreldrana, sem fellur utan ramma hins daglega leikskólastarfs.

Foreldrafélagið stendur fyrir leiksýningu fyrir börnin a.m.k. einu sinni á ári og einhverjum viðburði tengdum aðventu í lok nóvember eða byrjun desember. Einnig kemur félagið að vorhátíðinni með því að aðstoða við veitingar. Aðal fjáröflunarleið félagsins, fyrir utan félagsgjöld hefur verið kökubasar á Aðventuhátíðinni að Laugalandi fyrsta sunnudag í aðventu. Foreldrafélagið hefur verið leikskólanum mikill stuðningur og gefið ýmis tæki og leikföng sem



hafa komið sér ákaflega vel fyrir skólann.

Foreldraráð

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og er það skipað fjórum foreldum, þeim sömu og sitja í foreldrafélagi. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Starfsreglur og gátlisti foreldraráðs má finna á heimasíðu skólans.

Lokaorð

Ágætu foreldrar/ forráðamenn! Að loknum lestri þessarar handbókar vonumst við til að þið séuð margs vísari um leikskólastarfið hér á Laugalandi. Handbók eins og þessi getur aldrei orðið tæmandi og því hvetjum við foreldra eindregið til að spyrja og ræða við okkur um óljós atriði. Einnig viljum við biðja foreldra um að vera óhrædda við að koma með fyrirspurnir og ábendingar sem hægt er að ígrunda og ræða á málefnalegan hátt. Það eru börnin ykkar, leikskólanemendurnir okkar, sem allt leikskólastarfið snýst um og markmiðið er að þau geti þroskast og dafnað sem best í öruggu, jákvæðu og hvetjandi leikskólaumhverfi. Þar liggur samstarfsgrundvöllur heimilis og leikskóla og á okkar ábyrgð, foreldra og kennara, að vel takist til ☺

Munum að opin og góð samskipti stuðla að öryggi og vellíðan barnsins í leikskólanum.



Leikskólinn Laugalandi

VISKA - VINÁTTA - VIRÐING

